

# KIRKJUGARÐUR ÞÓRSHAFNARKIRKJU SKIPULAGSLÝSING













Afmörkun skipulagssvæðis 1,3 ha (Loftmyndir ehf.).



Hluti þéttbýlisuppráttar Þórshafnar m.kv. 1:10.000  
Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 (Teikn, 2013)

## SKÝRINGAR

Landnotkunarflokkar aðalskipulags

-  ÍBÚDARSVÆDI
-  SVÆDI FYRIR ÞJÓNUSTUÐOFNANIR
-  MIÐSVÆDI
-  OPIN SVÆDI TIL SÉRSTAKRA NOTA
-  HAFNARSVÆDI
-  VÖTN, ÁR OG SJÓR
-  TENGIBRAUT
-  SAFNGATA
-  AÐALSTÍGAR
-  GÖNGULEIÐIR/ÚTIVISTARSTÍGAR

## VIÐFANGSEFNI

Skipulagslýsing þessi er unnin á Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd Langanesbyggðar. Lýsingin gerir grein fyrir fyrirhuguðu deiliskipulagi kirkjugarðs Þórshafnarkirkju og í henni koma fram áherslur sveitarstjórnar, upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Með kynningu skipulagslýsingar gefst hagsmunaaðilum og íbúum kostur á að leggja fram ábendingar og sjónarmið við upphaf skipulagsvinnu.

Núverandi kirkjugarður Þórshafnar er á Sauðanesi en í Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 er fyrirhugað að kirkjugarður verði ofan kirkjunnar á Þórshöfn. Garðurinn myndi falla að skilgreindum almenningsgarði og nýttast að hluta til sem útivistarsvæði.

Fyrirhugað deiliskipulag mun gera grein fyrir umgjörð og skipulagi kirkjugarðs Þórshafnarkirkju og nærsvæðis. Skipulagssvæðið er um 1,3 ha opið svæði umhverfis kirkjuna sem er afmarkað eftir landnotkunarreitum aðalskipulags og skurðum í landslagi. Helstu viðfangsefni deiliskipulagsins verða:

- Aðkoma, gönguleiðir og bílastæði
- Umgjörð kirkjugarðs og útivistarsvæðis
- Skipulag og fjöldi grafreita
- Skilgreining á lóð fyrir áhaldahús
- Heilbrigðis- og frárennismál

Langur aðdragandi er að skipulagsvinnunni en í nóvember 2014 samþykkti Sveitarstjórn Langanesbyggðar að auglýsa tillögu að deiliskipulagi kirkju og kirkjugarðs á Þórshöfn, unnin af Teikn. Auglýsing um gildistöku skipulagsins var ekki birt í B-deild og öðlaðist því aldrei gildi. Ekkert deiliskipulag er í gildi innan skipulagssvæðisins.

## FORSENDUR

Þórshafnarkirkja er við Sunnueg í þéttbýlinu á Þórshöfn. Byggingin stendur á malarstæði en næsta umhverfi er ræktað land og mói. Þar er nú enginn kirkjugarður. Kirkjuskipið rúmar 160 manns í sæti og er safnaðarheimili á jarðhæðinni.

Í ársbyrjun 2018 bjuggu 352 manns á Þórshöfn. Við ákvörðum um væntanlega þörf á grafreitum í fyrirhuguðum kirkjugarði þarf að miða við íbúabróun síðustu ára, aldersdreifingu og áætlanir aðalskipulags. Í núgildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að íbúum sveitarfélagsins fjölgi um allt frá 3-5.000 manns á skipulagstímabilinu.

Enginn minjastaður er þekktur innan skipulagssvæðis. Ef fornminjar finnast á svæðinu er vísað til 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

## ÁHRIFAMAT

Um kirkjugarða gilda lög um kirkjugarða, graftrun og líkbrenslu nr. 36/1993. Deiliskipulagið skilgreinir ekki heimildir til framkvæmda sem líklegar eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif eða falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Deiliskipulagið fellur því ekki undir ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætla.

## SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing þessi verður auglýst með dreifibréfi, hún verður aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins og heimasíðu þess [www.langanesbyggd.is](http://www.langanesbyggd.is). Kynningartími skipulagslýsingar og skilafrestur ábendinga mun koma fram í auglýsingu. Leitað verður umsagna til Skipulagsstofnunar, Vegagerðarinnar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands Eystra, Þórshafnarprestskalls og Minjastofnunar Íslands.

Óskað er eftir ábendingum um efni skipulagslýsingarinnar og fyrirhugað deiliskipulag frá almenningi, hagsmuna- og umsagnaraðilum. Ábendingar skulu vera skriflegar og merktar "Kirkjugarður Þórshafnarkirkju - deiliskipulag" og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Þær skal senda á:

### Langanesbyggð, skipulag

Fjarðarvegi 3, 680 Þórshöfn

eða á netfangið [skipulag@langanesbyggd.is](mailto:skipulag@langanesbyggd.is)

Í framhaldi verður unnin deiliskipulagstillaga sem kynnt verður á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt. Þá verður fullunnin tillaga auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga með sex vikna athugasemdafrest. Skipulagsnefnd mun yfirfara þær athugasemdir sem kunna að berast að fresti loknum. Gefi þær til tilefni til meiriháttar breytinga á tillögunni skal auglýsa hana að nýju annars gengur skipulagsnefnd frá tillögunni til afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Skipulagsstofnun fær þá samþykta tillögu senda til yfirferðar og að því loknu birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt og gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Áætluð tímalína skipulagsferlis:

- Lýsing auglýst, desember 2018, a.m.k. 3 vikna athugasemdafrestur.
- Drög að deiliskipulagi kynnt á íbúafundi, febrúar 2019.
- Tillaga auglýst í mars 2019, 6 vikna athugasemdafrestur.
- Stefnt að gildistöku skipulagsins í maí 2019.



Teiknistofa Norðurlands  
Glerárgata 32 600 Akureyri  
Heimasíða: [tsn.is](http://tsn.is)



## Deiliskipulag kirkjugarðs Þórshafnarkirkju

### SKIPULAGSLÝSING

KVARDI A3 1:1.000

DAGS. 26. nóvember 2018

HANNAÐ: ABÓ, AKG  
TEIKNAÐ: AKG

VERKNR. DK1801

TEIKN nr. 1

Br.